



Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2010



Efnisyfirlit

Ávarp rektors	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands	4
Auðlindadeild.....	5
Umhverfisdeild	6
Starfs- og endurmenntunardeild.....	7
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2010	8
Rannsóknasvið	10
Rekstrar- og þjónustusvið	15
Fjármál	16
Útgáfa.....	16
Ritaskrá starfsmanna – ritrynt efni.....	17
Starfsmenn	19
Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 4. júní 2010	21

Ávarp rektors

Í upphafi sjötta starfsárs Landbúnaðarháskóla Íslands voru aðstæður enn erfiðar í íslensku efnahagslífi og strembið að koma saman áætlunum um rekstur við mjög ótryggjar aðstæður. Starfsmenn og nemendur LbhÍ gengu þó til móts við nýtt ár fullir bjartsýni og trúar á betri tíð en með þrautseigjuna innan seilingar ef grípa þyrfti til. Gert hafði verið ráð fyrir mjög erfiðu rekstrarári en á síðustu stundu við þriðju umræðu fjárlaga var bætt inn 70 milljónum króna í fjárlagamma skólans og var þar með þungu fargi af okkur létt. Þessi aðgerð mildaði niðurskurðarkröfur okkur á hendur verulega þetta árið en engu að síður var allt gert til þess að draga saman og spara.

Liður í hagræðingu var m.a. að færa allan búrekstur LbhÍ yfir í sérstakt félag Grímshaga ehf sem er rekstrarlega óháð LbhÍ. Þetta félag tók því við búrekstri á Hvanneyri og Hesti frá og með áramótum. Vonir standa til að með þessu móti megi skerpa á þessum rekstri en samhliða er komið á samstarfssamningi þar sem kveðið er á um þá þjónustu sem Grímshaga ber að veita LbhÍ hvað varðar aðstöðu til kennslu og rannsókna. Við höfum mikla trú á verkefninu.

Frá og með síðustu áramótum tókum við að okkur formennsku í hinu mikla norræna netverki NOVA og rekstri NOVA skrifstofunnar árin 2010-2011. Við tókum við keflinu frá Svíum en NOVA skrifstofan hefur raunar verið vistuð þar á bæ allt frá upphafi. Hér er um að ræða geysilega þýðingarmikið verkefni enda hryggjarstykkið í norrænu samstarfi um framhaldsnám á okkar sviði. Sem forystuaðilar stóðum við fyrir NOVA ráðstefnu á Selfossi í aprílmánuði. Sú ráðstefna verður okkur öllum afar minnisstæð ekki síst fyrir þær sakir að eldgos var hafið í Eyjafjallajökli og ekki ljóst hvort þátttakendur kæmst til landsins eða frá því á tilsettum tíma. Ráðstefnan gekk þó vel með fullri mætingu og rútuferð að upptökum gossins vakti sterkar tilfinningar hjá gestum okkar. Starfsmenn LbhÍ voru mjög virkir í margs konar mikilvægum verkefnum tengdum gosinu og viðbrögðum við því m.a. í vöktun og sýnatöku auk þess að taka þátt í störfum viðbragðshópa á vegum hins opinbera. Allt fór þetta mun betur en á horfðist í fyrstu en margan lærdóm má af draga til framtíðar.

Mikilvægur þáttur í starfi LbhÍ er landgræðsluskólinn en þar urðu þau stórmerku tímamót í upphafi árs að gengið var formlega frá framtíðarsamningi við Utanríkisráðuneytið og Háskóla Sameinuðu Þjóðanna í Tókýó. Verkefnið er því orðið að Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna með algjörlega hliðstæðum hætti og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn.

Ársfundur LbhÍ var að þessu sinni haldinn á Keldnaholti þann 12. mars og var yfirskrift fundarins ORKA. Á árinu voru nemendur brautskráðir af garðyrkjubrautum þann 29. maí frá Hveragerðiskirkju og úr búfræði og öllu háskólanámi frá Reykholtskirkju 4. júní. Báðar athafnirnar tókust með afbrigðum vel enda veður frábært og allt vel undirbúið af kennsluskrifstofu. Nýnemar tóku síðan að hópast til náms undir lok ágústmanaðar. Þær skipulagsbreytingar voru gerðar á árinu að umsjá með rannsóknanámi var flutt undir rannsóknasvið. Af ótal öðrum frásagnarverðum málum mætti af handahófi nefna að mikilvægur samningur var gerður við Rio Tinto Alcan um 40 milljóna króna samning við votlendissetur LbhÍ; hin frábæra námskeiðaröð Grænni skógar hlaut starfsmenntaverðlaunin 2010; og vísindaritíð okkar IAS komst á árinu inn í Web of Science sem ISI rit. Það teljast mikil tíðindi í íslensku vísindalífi.

Á liðnu skólaári fór fram fyrsta doktorsvörnin frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta má telja mikinn áfanga í þróun skólans. Rannsóknamiðað framhaldsnám er nýjung í starfsemi skólans og einungis fáein ár frá því að meistaranám var innleitt í námsframboðið og útskrifaðist fyrsti meistaraneminn á fyrsta starfsári LbhÍ eða árið 2005. Raunar er það þannig að framhaldsnám af þessu tagi er ungt í sögu háskólastarfs á Íslands en mikið hefur breyst í þessum efnun nú síðustu árin. Mikil úttekt var gerð á íslenska háskólakerfinu hér fyrir um 4 árum síðan. Í því ferli fékk m.a. LbhÍ viðurkenningu á sínum

fræðasviðum sem eru annars vegar auðlinda- og búvísindi og hins vegar náttúruvísindi. Samhliða þessu sótti LbhÍ um leyfi til þess að bjóða fram doktorsnám á sínum sviðum. Þetta leyfi fékkst að undangenginni nákvæmri úttekt á starfsemi skólans. Hugmyndir okkar um doktorsnám hafa verið þær að hafa á hverjum tíma einungis 5-8 nema og miða einvörðungu við þau svið þar sem við teljum okkur hafa hvað sterkastan fræðilegan grunn. Þarna rétt eins og í öllu öðru starfi skólans eru það gæði sem skipta mestu máli. Velja inn þá nemendur sem líklegir eru til þess að standast kröfurnar og hlúa að þeim sem best við getum.

Annað mjög mikilvægt skref í þróun skólans var stigið á liðnu skólaári þegar samstarfsneti hinna opinberu háskóla var ýtt úr vör. Verkefnið er byggt á stefnuskjali sem gefið var út af mennta- og menningarmálaráðherra þann 9. ágúst 2010. Markmið verkefnisins eru í fyrsta lagi efling íslenskra háskóla, kennslu og rannsókna, í öðru lagi aukin hagkvæmni í rekstri háskóla og í þriðja lagi að tryggja háskólastarfsemi víða á landinu. Aðilar að verkefninu eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli-Háskólinn á Hólum. Verkefnið er þegar komið á ágætan skrið en fyrsta skref samstarfsins verður sameiginlegt upplýsingakerfi fyrir nemendur og um kennslu. Einnig verður tekið upp samræmt kerfi fyrir akademískt mat á starfsmönnum en það hefur áhrif varðandi ráðningar, framgang og launabreytingar. Stefnt er að því að víkka út samninginn til fleiri sviða stöðþjónustunnar. Þar er meðal annars horft á gæðaviðmið og gæðaeftirlit í meistara- og doktorsnámi, stuðning við kennara og kennslufræðilega ráðgjöf og þjálfun. Einnig er unnið að uppbyggingu á tæknilausnum sem auðvelda fjarfundi, fjarnám og þráðlaus netsamskipti. Hér er um tímamótasamning að ræða og er honum ætlað að styrkja háskólana fjóra með því að efla enn frekar stöðþjónustu þeirra og tæknilega innviði sem auðvelda frekara samstarf. Ég tel að hér sé um gæfuspor að ræða í styrkingu háskólastigsins á Íslandi, við þéttum með þessu raðirnar og opnum á nýja möguleika.

Ágúst Sigurðsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor landbúnaðarháskóla Íslands.

Ásmundur Daði Einarsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varamaður hans er **Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**.

Emma Eyþórsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ.

Haraldur Benediktsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Iðunn Hauksdóttir, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefnd af stúdentaráði.

Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er **Rögnvaldur Ólafsson**.

Orri Páll Jóhannsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra.

Stefán Logi Haraldsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

Þórhallur Bjarnason, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Auðlindadeild

Viðfangsefni auðlindadeildar eru nýting landkosta og innlendra búfjárstofna til þess að framleiða matvæli og aðrar afurðir. Meginmarkmið deildarinnar eru að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 27 í árslok 2010 og inntu af hendi rúmlega 23 ársverk. Þeir búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu, m.a. á sviði erfðafræði, lífeðlisfræði, fódurfræði, grasafræði og bútækni.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni LbhÍ og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Nemendur í BS-námi á haustönn 2010 voru 36 í búvísindum og 17 í hestafræði. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og stundar um einn tugur nemenda rannsóknatengt meistaranám á ýmsum sviðum búvísinda. Doktorsnemar eru fjórir og vinna þeir allir að rannsóknum sem tengjast erfðafjölbreytni og kynbótum. Einn þeirra, Elsa Albertsdóttir varð á árinu fyrst til að útskrifast með doktorspróf frá LbhÍ.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fódur búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánú samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðamikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fódur hámjólka kúa. Rannsóknastaða í sameinda-erfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjarkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís og sérfræðinga hjá Háskóla Íslands. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

Á árinu 2010 voru haldnir tveir deildarfundir (nr. 13 og 14), einn vinnufundur deildar og 6 deildar-ráðsfundir. Á árinu tók Jóhannes Sveinbjörnsson við starfi deildarforseta af Áslaugu Helgadóttur sem hafði gengt starfinu í sex ár eða frá stofnun LbhÍ.

Jóhannes Sveinbjörnsson

Umhverfiseild

Umhverfiseild sinnir margháttuðum verkefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru meðal helstu markmiða deildarinnar. Nám í umhverfiseild skiptist í fjórar brautir; umhverfisskipulag sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu; náttúra og umhverfi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir veitir forstöðu og landgræðsla og skógrækt sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir. Á árinu voru stofnaðar nýjar námslínur innan brautarinnar náttúra og umhverfi. Námslínurnar eru náttúra og saga sem boðið er upp á í samvinnu við Háskóla Íslands, og þjóðgarðar og verndarsvæði.

Á árinu var haldinn einn deildarfundur og 3 deildarráðsfundir. Í deildarráði sátu Berglind Orradóttir, Helena Guttormsdóttir, Ólafur Arnalds, Ragnar Frank og Hlynur Óskarsson. Margrét Jónsdóttir var ritari deildarinnar. Starf deildarinnar var mjög markað breyttum aðstæðum í kjölfar efnahagshruns, þar sem draga þurfti úr rekstrarkostnaði, en um leið að finna námsúrræði fyrir nemendur innanlands, m.a. á MS stigi. Í upphafi árs fækkaði starfsmönnum deildarinnar, þegar Jón Guðmundsson lét af störfum eftir langt og farsælt starf á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og síðar við LbhÍ. Starfsmenn voru 26 í lok ársins.

Umhverfiseild rekur umfangsmikla landfræðilega gagnagrunna, m.a. Nyttjaland, LULUCF sem nýttast vel í margvísleg námsverkefni, en erfitt er að halda þeim við vegna fjárskorts.

Unnið var að ýmsum rannsóknum á vettvangi Votlendisseturs og að friðlýsingu Andakílssvæðisins sem Ramsar-svæðis, votlendi með alþjóðlegt mikilvægi. Áfram var unnið í viðamiklum rannsóknaverkefnum á borð við LULUCF (landnotkun í tengslum við skuldbindingar Íslands við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna) undir stjórn Jóns Guðmundssonar með umtalsverðu framlagi Sigmundar Brink og Fanneyjar Gísladóttur; SkógVatn (Bjarni Diðrik Sigurðsson o.fl.); KolBjörk (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir); „Oats og SheepSkills (Ragnhildur Sigurðardóttir). Á árinu lauk útgáfu á niðurstöðum viðamikilla rannsókna á bökkum Háslóns vegna hættu á foki (Ása L. Aradóttir og Ólafur Arnalds). Unnið var að margvíslegum rannsóknum í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli, m.a. að vöktun vegna flúormengunar og að rannsóknum á foki.

Ólafur Arnalds

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylækt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2010 stundaði alls 121 nemandi nám á starfsmenntabrautum LbhÍ. Þar af voru 55 nemendur í garðyrkjunámi (í staðar- eða fjarnámi) og í búfræði voru alls 38 staðarnemendur og 28 fjarnemar. Í byrjun júní voru 27 nemendur brautskráðir úr búfræði og af garðyrkjubrautum fengu 10 nemendur fulla útskrift auk þess sem 13 nemendur fengu námsferilsyfirlit við brautskráningu (þ.e. hafa lokið bóknámi en eiga eftir að ljúka verknámi). Nokkuð var um brottfall af garðyrkjubrautum í þessum árgangi og má vafalaust finna orsakir þess í efnahagshruninu fljótlega eftir að nemendur hófu nám haustið 2008.

Nemendur eru teknir inn í búfræði árlega en einungis annað hvert ár á garðyrkjubrautir. Mikil aðsókn var í nám á starfsmenntabrautum LbhÍ haustið 2010. Alls voru teknir inn 32 nemendur í fyrsta bekk í búfræði og 70 nemendur alls á garðyrkjubrautir. Heildarfjöldi nemenda á starfsmenntabrautum LbhÍ var því um 150.

Alls voru 12,3 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2010, þar af 4 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 182 námskeið árið 2010 með 2716 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin um allt land eða á 61 stað og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti. Lögð hefur verið áhersla á námskeiðaraðir hjá endurmenntuninni. Árið 2010 voru alls 5 mismunandi námskeiðaraðir í boði, þ.e. Grænni skógar I og II, Reiðmaðurinn I og II og Betri vellir en síðastnefnda námsbrautin er ætluð starfsmönnum á íþrótt- og golfvöllum. Alls voru 203 þátttakendur í námskeiðaröðunum, 74 í Grænni skógum I og II, 110 í Reiðmanninum I og II og 19 í Betri völlum.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið að því með endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufraeðinga.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar mjög vel á árinu. Töluverð aukning varð í veltu deildarinnar frá fyrra ári en heildarársvelta var um 43,7 milljónir.

Guðríður Helgadóttir

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2010

Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi	Sunneva Guðmundsdóttir	Blómaskreytingabraut
	Vilhelmína Ásdís Kjartansdóttir	Blómaskreytingabraut
	Frímann Viktor Sigurðsson	Búfræði
	Geir Gíslason	Búfræði
	Gloria Simona Kucel	Búfræði
	Guðjón Jóhannsson	Búfræði
	Guðrún María Björnsdóttir	Búfræði
	Helga Eyjólfsdóttir	Búfræði
	Jóhann Kristinn Sigurðsson	Búfræði
	Jónas Davíð Jónasson	Búfræði
	Kristín Sveiney Baldursdóttir	Búfræði
	Kristján Friðriksson	Búfræði
	Rúnar Björn Guðmundsson	Búfræði
	Sigurlaug J. Ó. Þorsteinsdóttir	Búfræði
	Simon Bergur Sigurgeirsson	Búfræði
	Stefán Fannar Steinarsson	Búfræði
	Þorkatla Inga Karlsdóttir	Búfræði
	Áslaug Guðbrandsdóttir	Búfræði - fjarnám
	Gréta Brimrún Karlsdóttir	Búfræði - fjarnám
	Hallrún Ásgrímsdóttir	Búfræði - fjarnám
	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
	Jónas Þór Sigurbjörnsson	Garðyrkjuframleiðsla
	Arndís Þórðardóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
	Birgir Axelsson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Guðmundur Vignir Þórðarson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Ingibjörg Sigurðardóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
	Kristín Auður Elíasdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
	Ragnar Steinn Guðmundsson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Þórir Ingi Sveinsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Þórir Kristján Þórisson	Skrúðgarðyrkjubraut	

Háskólanám	Eyrún Ösp Skúladóttir	BS	Búvísindi
	Guðný Harðardóttir	BS	Búvísindi
	Ragnheiður Másdóttir	BS	Búvísindi
	Birna Kristín Baldursdóttir	MS	Búvísindi
	Svanhildur Ósk Ketilsdóttir	MS	Búvísindi
	Anna Lóa Sveinsdóttir	MS	Búvísindi
	Brynjar Skúlason	BS	Hestafræði
	Einar Reynisson	BS	Hestafræði
	Gunnar Reynisson	BS	Hestafræði
	Sigríður Bjarnadóttir	BS	Hestafræði
	Elsa Albertsdóttir	PhD	Auðlindadeild
	Aníta Ólöf Jónsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Anna Sigríður Valdimarsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Brynja Davíðsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Elísa Harpa Grytvík	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Inga Vala Gísladóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Kristín Jónsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Lára Hrund Bjargardóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Lilja Jóhannesdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Anna Berg Samúelsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Ásgeir Valdimar Hlinason	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Bryndís Ósk Haraldsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Elín Guðmundsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Hákon Ásgeirsson	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Ragnhildur Sævarsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Magnea Magnúsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Landgræðsla
	Elín Fjóra Þórarinsdóttir	MS	Landgræðslufræði
	Else Möller	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Gústaf Jarl Viðarsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Lilja Magnúsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Sighvatur Jón Þórarinsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Steinar Björgvinsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Sæmundur Kristján Þorvaldsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Helena Marta Stefánsdóttir	MS	Skógfræði
	Aldís Aðalsteinsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Berglind Sigurðardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Björn Hákon Sveinsson	BS	Umhverfisskipulag
	Drífa Gústafsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Egill Þórarinsson	BS	Umhverfisskipulag
	Guðrún Birna Sigmarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Helga Sigmundsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Hulda Birna Albertsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Ívar Sæland	BS	Umhverfisskipulag
	Jóhann Sindri Pétursson	BS	Umhverfisskipulag
	Jón Árni Bjarnason	BS	Umhverfisskipulag
	Rannveig H Guðbrandsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Rebekka Unnarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
Sara Jóna Haraldsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Sigríður Dúna Sverrisdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Smári Jónas Lúðvíksson	BS	Umhverfisskipulag	
Sóley Valdimarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Vigdís Bjarnadóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Tinna Haraldsdóttir	MS	Skipulagsfræði	

Rannsóknasvið

Haustið 2010 voru akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 47, af 113 starfsmönnum á launaskrá, í tæplega 43 stöðugildum eða um 47% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Prófsessorar voru 10, dósentar 4 og lektorar 16. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Aðrir akademískir starfsmenn voru 13 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Um 45% akademískra starfsmanna er með doktorspróf.

1. tafla Akademískir starfsmenn við LbhÍ 1. október 2010 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Prófsessorar (ásamt rektor)			10	10	100%
Dósentar	-	2	2	4	50%
Lektorar	-	11	5	16	31%
Fastráðnir stundakennarar	3	1	-	4	0%
Aðrir akademískir starfsmenn	5	4	4	13	31%
Samtals	8	18	21	47	
Hlutfall	17%	38%	45%		

Skólinn er með sérstakan samning við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (SLR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar ráðgjafar fyrir árin 2009-2012. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í fimm meginflokka sem eru Frumframleiðsla og fæðuöryggi, Byggðapróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.

Síðustu ár hefur rannsóknastarf skólans mótast af því að tekjur til rannsókna hafa dregist umtalsvert saman. Niðurskurður á fjárlögum kemur fyrst og fremst fram á rannsóknahlutanum því skólinn verður að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart nemendum sínum. Einnig hafa sértekjumöguleikar dregist verulega saman og munar þar mest um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Rannsóknir og þróun

Á árinu 2009 var sett á laggirnar Sprotinn – Frumkvöðla- og tækniþróunarsetur við skólann í samstarfi við Atvinnuráðgjöf Vesturlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sprotinn hefur lagt mörgum verkefnum lið m.a. með því að útvega faglega ráðgjöf, aðstöðu fyrir prófanir og ráðleggingar um fjármögnun. Dæmi um slík verkefni sem komist hafa vel áleiðis eru maísrækt, undirburður í gripahúsum og díóðulýsing í ylrækt.

Tveir starfsmenn skólans (ÁH, ÓA) tóku þátt í starfi viðbragðshóps ráðuneytisins vegna eldgossins í Eyjafjallajökli og í tengslum við þá vinnu brugðust sérfræðingar hans við með ýmsum hætti. Þar bar

hæst mælingar og vöktun á flúor í drykkjarvatni, jarðvegi og gróðri á eldgosasvæðinu. Allar nánari upplýsingar um þetta verkefni má finna á heimasíðu skólans: <http://www.lbhi.is/pages/1576>

Á árinu 2010 gerðust þau ánægjulegu tíðindi að ráðin var til starfa Kolfinna Jóhannesdóttir, viðskiptafræðingur og sérfræðingur í byggðaþróun, og var ráðning hennar liður í að byggja upp hagfræðisetur við skólann. Sinni hún einkum kennslu á haustmánuðum en vonir standa til að efla megi rannsóknir á þessu sviði í kjölfar ráðningar hennar.

Önnur verkefni

Samkvæmt samningi milli skólans og ráðuneytisins frá 2009 er nú starfrækt sérstakt erfðalindasetur við Landbúnaðarháskóla Íslands. Erfðalindasetrið er opinn samstarfsvettvangur allra þeirra aðila sem með einum eða öðrum hætti tengjast varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði. Það hýsir starfsemi erfðanefndar landbúnaðarins, sem vinnur í umboði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og sinnir verkefnum á hennar vegum samkvæmt sérstöðum þjónustusamningi (sjá www.agrogen.is).

Unnið hefur verið að uppbyggingu landnýtingargrunns (LULUCF) undanfarin ár með sérstöðum stuðningi ráðuneytisins. Skólinn hefur sent ráðuneytinu landupplýsingar vegna skýrslugerðar um ræktarland og landnýtingu auk þess sem sendar eru upplýsingar um íslenskan jarðveg í alþjóðlega gagnagrunna um jarðveg. Á árinu 2010 var ýmsum tilfallandi verkefnum sinnt á þessu sviði fyrir ráðuneytið í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Starfsmenn skólans komu að ýmsum verkefnum fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila. Hér má nefna umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir, þátttöku í tilfallandi nefndarstarfi á vegum SLR og almenna ráðgjöf til nefnda á vegum ráðuneytisins. Einn starfsmaður situr í stjórn Hagþjónustunnar (RB). Tveir af starfsmönnum skólans sitja í erfðanefnd landbúnaðarins (ÁH, EE) og einn þeirra gegndi auk þess formennsku í stjórn Norræna genbankans (NordGen) á árinu (ÁH). Einn starfsmaður situr í stjórn tækniþróunarsjóðs, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (MBJ). Skólinn hefur átt fulltrúa í ullarmatsnefnd um langt árabil (EE).

Einn starfsmaður (ÁH) sat í nefnd er ætlað var að marka langtímastefnu um íslenska nytjaskógrækt og lauk störfum með skýrslu á árinu. Sami starfsmaður sat í óformlegum vinnuhópi til að fara yfir starfsemi Hagþjónustu landbúnaðarins og gera tillögur um það hvernig hún geti best þjónað landbúnaðinum. Tveir starfsmenn (ÁH, JH) sátu í starfshópi, sem ætlað er að vinna áætlun um það hvernig staðið verður að eflingu kornræktar á Íslandi, einn starfaði í starfshópi um eflingu svínaræktar og innlendrar kjarnfóðurframleiðslu (GHH), sem lauk störfum á árinu, einn í starfshópi um stöðu og horfur í lífrænum landbúnaði (GH), sem skilaði skýrslu í lok september í haust, og einn í starfshópi um eflingu alifuglaræktar (JS) sem áætlað er að ljúki störfum 2011. Loks situr einn starfsmaður í nefnd um endurskoðun á reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða hennar (SS).

Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 526 milljónir kr. á árinu 2010. Skólinn fékk 153,9 milljónir kr. í gegnum samninginn við SLR. Því til viðbótar voru sértekjur 65,6 milljónir kr. (2. tafla). Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans. Stærsti málaflökkurinn eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi en Garðyrkja* hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hafa rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

2. tafla. Sértekjur LbhÍ árið 2010.	Millj. kr.
Frumframleiðsla og fæðuöryggi	35,7
Garðyrkja	11,5
Byggðapróun og nýsköpun	3,9
Skógrækt og landgræðsla	5,3
Umhverfissrannsóknir	9,3
Hagfræði	-
Samtals	65,6

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð hér fyrir neðan.

Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og á þeim vettvangi voru birtar 17 greinar á árinu. Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar LbhÍ.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans (3. tafla).

3. tafla. Fjöldi nemenda á framhaldsstigi – skráðir og útskrifaðir		
	Framhaldsnemar haust 2010	Útskrifaðir 2010
M.Sc.	42	6
Ph.D.	6	-

Helstu rannsóknarverkefni í gangi árið 2010

Sjálfbær nýting erfðaauðlinda

- Erfðafjölbreytni í hvítmára af ólíkum uppruna
- Kynbætur hvítmára (samstarf við Graminor)
- Erfðafjölbreytni í norrænni hvönn
- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
- *In situ* varðveisla erfðaeftnis í gömlum túnum
- Erfðastuðlar kjöteiginleika
- Blendingsrækt í sauðfé
- Verðmæti íslenska kúastofnsins
- Uppruni íslenska hestsins
- Litir í hrossum
- Erfðabreytileiki í kúastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenskum landnámshænum
- Kynbótamat búfjár (BLUP-útreikningar fyrir BÍ)
- Kynbótamat bleikju
- Tengsl byggingar og hæfileika íslenskra hrossa
- Kynbótamat og erfðatengsl
- keppniseiginleika og dæmdra eiginleika hjá íslenskum hestum

Hringrás næringarefna

- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)
- Áhrif grasræktar á C og N í jarðvegi
- Svepprot og niturbinding
- Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum
- Dreifingartími mykju
- Efnagreiningar á mykju
- Áburðarsvörun túna
- Innleiðing Norfor- fódurmatskerfisins fyrir mjólkurkúr –í samvinnu við BÍ
- Þróun á fódurmatskerfum fyrir sauðfé og nautgripi í vexti innan Norfor

Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi

- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
- Grasræktartilraunir og yrkisprófanir
- Vestnorrænar yrkisprófanir
- Kornrækt og sáðskipti
- Kvígur 24
- Hraustar kýr
- Framleiðsla ungnautakjöts
- Fóðuröflun sauðfjárbúa

Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir

- Dreifing fjár á sumarreit
- Atferli hrossa í stóði

- Dreifing hreindýra
- Legusvæði fyrir kálfa og kvígur
- Tækni við mjólkurfóðrun kálfa
- Júgurhreysti
- Hross í hollri vist
- Velferð mjólkurkúa
- Húsvist í fjárhúsum á Íslandi
- Áhrif lausra fitusýra í mjólk
- Leiðir gegn frjálsum fitusýrum í mjólk
- Áhrif erfða og fódunar á eiginleika mjólkur
- Mjólkurprótein í geitamjólk
- Fitusýrur í lambakjöti
- Selenhagur íslenskra kvenna
- Hollusta korns til mannelis á norðurslóð (Norrænt öndvegissetur - HELGA)
- Hollefni í beitargróðri
- Bygg til mannelis

Garðyrkja

- Áhrif lýsingar á ræktun papriku í ylrækt
- Ræktun papriku í lífrænum búskap
- LED lýsing í garðyrkju
- Stofnrækt kartaflna
- Yrkjaprófanir í útiræktuðu grænmeti
- Vinnslukartöflur úr íslenskri jörð
- Ræktunartækni við berjaframleiðslu
- Yndisgróður
- Skjólbeltarannsóknir
- Hleðsla birkiplantna
- Hagnýting sveppróta
- Yrkisprófanir fyrir golfflatargrös
- Upphitun golfvalla

Byggðapróun og nýsköpun

- Afmörkun á erfðabreyttu byggi til framleiðslu á lífvirkum próteinum
- Olíufrærækt
- Nýting á lífrænum úrgangi til orkuframleiðslu
- Eldsneyti úr innlendu hráefni
- Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu
- Ferðamannastaðir, skipulag og sjónræn áhrif
- Búsetulandslandslag á norðurslóð

Skógrækt og landgræðsla

- Erfðabreytileiki asparryðs
- Þróun vistkerfa við landgræðslu
- Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum
- Notkun svarðlags vegna uppgræðslu

- Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
- Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag
- Skógvist – Áhrif skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika, jarðveg og kolefnisbindingu
- Hekluskógar
- Landbætur á sandsvæðum
- Vistheimt á Norðurlöndum

Umhverfisrannsóknir

- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Nytjaland
- Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabila í ofhitnun jarðstrengja

- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey
- Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
- Áhrif loftslagsbreytinga og landnýtingar á hálandisvistkerfi Íslands – ITEX samstarf
- Langtíma umhverfisvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
- Sinubruni á Mýrum
- Mýrlendi á norðurslóðum
- Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
- Niðurbrot á PCB

Hagfræði

Engin verkefni enn á dagskrá árið 2010

Rekstrar- og þjónustusvið

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Grímshagi ehf er alfarið í eigu skólans og rekur búin á Hvanneyri og Hesti. Búreksturinn samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er tilraunafjós, fræ- og kalrannsóknastofa ásamt aðstöðu til jarðræktarrannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Efnagreiningastofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsóknastofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2010	Reikningur 2009
Tekjur		
Sértekjur	491.152	662.602
Aðrar rekstrartekjur	24.997	23.894
Tekjur samtals	516.149	686.496
Gjöld		
Almennur rekstur	1.101.266	1.213.525
Gjöld samtals	1.101.266	1.213.525
Tekjur umfram gjöld	-585.117	-527.029
Framlag úr ríkissjóði	574.021	563.131
Hagnaður/tap ársins	-11.096	36.102

Útgáfa

Rit LbhÍ nr. 28. Velferð kúa í lausagöngufjósum. Andrea Rüggeberg, Emma Eypórsdóttir og Grétar Hrafn Harðarson, Unnsteinn S. Snorrason, Christoph Winckler. 2010, 32 bls.

Rit LbhÍ nr. 27. Gróðurannsóknir vegna hættu á áfoki frá Háslóni. Ólafur Arnalds, Ása L. Aradóttir, Kristín Svavarsdóttir. 2010, 113 bls.

Rit LbhÍ nr. 26. Kulferli, frost og mold. Ólafur Arnalds. 2010, 26 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir.

Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni

Áslaug Helgadóttir 2010. Þáttur plöntukynbóta í fæðuöryggi heimsins – Sókn eftir nýjum breytileika. Í: *Arfleifð Darwins: Þróunarfræði, náttúra og menning* (Ritstj.: Arnar Pálsson, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Snæbjörn Pálsson and Steindór J. Erlingsson). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag bls. 297-318.

Bjarni E. Guðleifsson 2010. Ice tolerance and metabolite accumulation of herbage crops in Iceland and impact of climate change. *Icelandic Agricultural Sciences* 23, 111-122.

Bjarni D. Sigurðsson and Borgþór Magnússon 2010. Ecosystem respiration, vegetation development and soil nitrogen in relation to breeding density of seagulls on a pristine volcanic island, Surtsey, Iceland. *Biogeosciences* 7, 883-891.

Gundersen P., A. Laurén, L. Finér, E. Ring, H. Koivusalo, M. Sætersdal, J.-O. Weslien, **Bjarni D. Sigurðsson**, L. Högbom, J. Laine and K. Hansen 2010. Environmental services provided from riparian forests in the Nordic countries. *Ambio - Journal of the Human Environment* 39, 555-566.

Maljanen M., **Bjarni D. Sigurðsson**, **Jón Guðmundsson**, **Hlynur Óskarsson**, J.T. Huttunen and P.J. Martikainen 2010. Land-use and greenhouse gas balances of peatlands in the Nordic countries – present knowledge and gaps. *Biogeosciences* 7, 2711-2738.

Jon A. Jonsson and **Bjarni D. Sigurðsson** 2010. Effects of early thinning and fertilization on soil temperature and soil respiration in a poplar plantation. *Icelandic Agricultural Sciences* 23, 97-109.

Hafdís Hanna Ægisdóttir 2010. Lífríki á eyjum. Sérstaða og þróun. Í: *Arfleifð Darwins. Þróunarfræði, náttúra og menning* (Ritstj.: Arnar Pálsson, Bjarni Kr. Kristjánsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Snæbjörn Pálsson og Steindór J. Erlingsson). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag bls. 97-114.

Klöve B., H. Marttila, **Hlynur Óskarsson**, A. Grønlund, K. Berglund, Ö. Berglund, M. Maljanen and M. Lægdsmand 2009. Past and Future of Cultivated Peatlands - Nordic Environmental Challenges. *Peatlands International* 2/2009, 28-32.

Jónatan Hermannsson, **Pórdís A. Kristjánsdóttir**, T.S. Stefánsson og **Jón H. Hallsson** 2010. Measuring gene-flow in barley fields under Icelandic sub-arctic conditions using closed-flowering varieties. *Icelandic Agricultural Sciences* 23- 51-59.

Magnus Göransson and **Áslaug Helgadóttir** 2010. Genetisk differentiering i vitklöver (*Trifolium repens* L.) efter naturligt urval i ett randområde. *Sveriges Utsädesförenings tidskrift* 117, 78-80.

Margrét G. Ásbjarnardóttir, **Þorvaldur Kristjánsson**, **Magnús B. Jónsson** og **Jón H. Hallsson** 2010. Analysis of genetic diversity and population structure within the Icelandic cattle breed using molecular markers. *Acta Agri. Scand. A.* 90- 203-210.

Gunnarsdóttir I., B.E. Gunnarsdóttir, **Laufey Steingrimsdóttir**, A. Maage, A.J. Johannesson and I. Thorsdóttir 2010. Iodine status of adolescent girls in a population changing from high to lower fish consumption. *European Journal of Clinical Nutrition* 64, 958-964.

Ólafur Arnalds 2010. Dust sources and deposition of aeolian materials in Iceland. *Icelandic Agricultural Sciences* 23, 3-21.

Rannveig Guicharnaud, **Ólafur Arnalds** and G.I. Paton 2010. Short term changes of microbial processes in Icelandic soils to increasing temperatures. *Biogeosciences* 7, 671-682.

Rannveig Guicharnaud, Ólafur Arnalds and Graeme Paton 2010. The effect of season and management practices on soil microbiological activities undergoing nitrogen treatments – interpretation from microcosm to field scale. *Icelandic Agricultural Sciences* 23, 123-134.

Tryggvi Eiríksson, Hólmgæir Björnsson, Kristín Björg Guðmundsdóttir, Jakob Kristinsson and Torkell Jóhannesson 2010. The distribution of four trace elements (Fe, Mn, Cu, Zn) in forages and the relation to scrapie in Iceland. *Acta Vet. Scand.* 52:34.

Úlfur Óskarsson 2010. Potting substrate and nursery fertilization regime influence mycorrhization and field performance of *Betula pubescens* seedlings. *Scandinavian Journal of Forest Research* 25, 111-117.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Atli Már Ingólfsson	Lögfræðingur
Auður Sveinsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Verkefnisstjóri
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektor rannsóknamála
Berglind Orradóttir	Lektor, starfsmaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna
Birna Kristín Baldursdóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	Prófessor
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrektor kennslumála
Bragi Línadal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Emma Eypórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Lektor
Grétar Einarsson	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Ólafsson	Umsjónarmaður fasteigna
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Brynja Bárðardóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnar Reynisson	Kennari
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Sverrisson	Lektor
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Helena Guttormsdóttir	Aðjúkt
Helena Marta Stefánsdóttir	Rannsóknamaður
Helgi Gissurarson	Starfsmaður hestamiðstöðvar
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Sérfræðingur
Holger Markus Hansen	Sérfræðingur
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður

Jóhanna M Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent, deildarforseti
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Gíslason	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Lektor
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jóna Björg Hlöðversdóttir	Ræstitæknir
Jóna Björk Jónsdóttir	Starfsmaður Landgræðsluskólans
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kári Aðalsteinsson	Garðyrkjustjóri
Kolfinna Jóhannesdóttir	Aðjúkt
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Laufey Steingrimsdóttir	Prófessor
Lárus Stefán Ingibergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Lilja Kristín Ólafsdóttir	Aðjúkt
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir	Verkefnisstjóri
Már Guðmundsson	Umsjónamaður útisvæða
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor, deildarforseti
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Ræstitæknir
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Rannveig Anna Guicharnaud	Lektor
Reynir Aðalsteinsson	Kennari
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sara Elíasdóttir	Fulltrúi
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúkt
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor
Sigtryggur Veigar Herbertsson	Aðjúkt
Sigvaldi Jónsson	Umsjónamaður á Hesti
Snorri Sigurðsson	Verkefnisstjóri
Steinunn Sigríður Ingólfisdóttir	Bókasafnsfræðingur
Svala Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur
Svava Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Fulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Torfi Jóhannesson	Verkefnisstjóri
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Tryggvi Gunnarsson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Vigdís Guðjónsdóttir	Tölvuumsjónarmaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Árnason	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Doktorsnemi
Þorvaldur Tómas Jónsson	Rekstrarstjóri
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Lektor
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Verkefnisstjóri

Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 4. júní 2010

Ávarp rektors

Útskriftarnemar, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er sjötta vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Á síðasta ári voru reyndar 120 ár liðin frá upphafi skólahalda á Hvanneyri og 70 ár eru liðin frá því að garðyrkjumenntun á Reykjum í Ölfusi hóf göngu sína. Skólasterfið hvílir því á gömlum merg og býr að langri reynslu.

Upp er runninn bjartur hátíðisdagur – útskriftardagur nemenda.

Margrét Guðnadóttir, prófessor, sagði eitt sinn í útvarpserindi að nútímamenn yrðu að muna að náttúrugæði væru ekki séreign okkar kynslóðar. Hún sagði einnig að við – mannkynið – mætum ekki gerast níðhöggvar á því lífsins tré sem okkur var falið að gæta. „Nútíminn er aðeins augnablik í eilífri hringrás lífsins. Þetta stutta nú er okkar í dag. Ef við notum það til að skila framtíðinni betra mannlífi og fegurri jörð en við tókum við, höfum við öðlast okkar hlutdeild í eilífu lífi, þá einu hlutdeild, sem við eigum vísa,“ sagði Margrét sem telja má einn merkasta vísindamann Íslands fyrir og síðar.

Við verðum að hlusta á íslenska náttúru og heyra hvað hún hefur að segja við okkur. Fáir háskólar hafa jafn næma tilfinningu fyrir gróandanum, lífinu og Landbúnaðarháskóli Íslands enda köllum við hann stundum „háskóla lífs og lands“. Í þessum orðum felst mikil ábyrgð sem nýútskrifuðum nemendum er falið að flytja áfram til sinnar samtíðar. Nemendum er líka hollt að hugsa til orða Halldórs Laxness sem sagði eitt sinn: „*Blóm er svo sterkt að það rís upp frá dauðum og svo veikt að barn getur plökkað það í sundur.*“

Einkum þegar maður er ungur að árum virðist framtíðin óendanleg. Það ólgar eldur í æðum og maður vill takast á við krefjandi verk. Horfa fram á veginn. Þannig á ungt fólk að vera en það verður líka að læra af fortíðinni, varast það sem illa tókst og meta að verðleikum það sem vel var gert. Vonina má fólk aldrei missa né heldur trú á framtíðina.

Í upphafi síðasta starfsárs Landbúnaðarháskóla Íslands voru aðstæður í þjóðfélaginu nokkuð sérstakar. Í stað útrásar og framkvæmdagleði liðinna ára var nú runninn upp tími stórvaxinna vandamála í rekstri þjóðarbús, atvinnuleysis og mikillar óvissu á flestum sviðum. Strax varð ljóst að mikið myndi reyna á menntakerfið og mikilvægt að þar sýndu menn stöðugleika og ákveðið æðruleysi og undirbyggju að taka við eins mörgum nemendum og frekast væri unnt.

Strax í upphafi árs hófst mikil vinna varðandi stefnumarkandi umræðu um háskólastigið á vegum stjórnvalda. Starfshópar sérfræðinga skiluðu af sér tillögum um þróun menntakerfisins og margs konar nefndavinna var sett í gang. Svokallaður rýnihópur menntamálaráðherra fundaði stíft allt árið og meðal annars var haldinn vel heppnaður fundur með menntamálaráðherra, rektorum og stórum hópi fagfólks úr ráðuneyti og háskólum landsins á Hvanneyri síðasta sumar. Rýnihópurinn skilaði síðan skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og framtíð háskólastigsins. Í henni er einkum lögð áhersla á aukið samstarf háskólanna og að efla gæðamat og eftirlit, m.a. með því að byggja fjárveitingar að einhverju leyti á árangursmati.

Mikil aðsókn var í nám hjá LbhÍ á árinu. Á annað hundrað nýnemar hófu nám á haustmánuðum en þess ber að geta að ekki er tekið inn á allar brautir árlega. Þá má geta þess að farið var af stað með hóp MS nema í skipulagsfræðum en mikill áhugi hefur verið fyrir slíku námi nú um árabíl.

Vel gekk að afla rannsóknastyrkja á árinu og mikil gróska í rannsóknastarfinu en rannsóknir teljast vera um 60% af heildarumfangi starfa og veltu hjá LbhÍ.

Endurmenntunardeildin var mjög virk en um 1800 manns sóttu námskeið á vegum deildarinnar á síðasta ári. Stærstu námskeiðaraðirnar eru Reiðmaðurinn og Grænni skógar en þar er í báðum tilvikum um að ræða tveggja ára einingabært nám sem byggir á samfelldri röð námskeiða. Færri komust að en vildu í þessi námskeið.

Geysilega mikilvægur þáttur í rekstri framhaldsnáms við LbhÍ er þátttaka í NOVA háskólanetinu sem er samstarf 9 norrænna háskóla um rekstur sameiginlegra meistara- og doktorsnámskeiða. Um áramótin nú síðustu tók LbhÍ við formennsku í þessu netverki og mun reka NOVA skrifstofuna næstu 2 árin. Skrifstofunni fylgir verulegt umfang en starfsemin er rekin á þátttökugjöldum háskólanna í hlutfalli við stærð þeirra.

Annar mikilvægur þáttur í starfi LbhÍ er landgræðsluskólinn en þar urðu þau stórmerku tímamót nú í upphafi árs að gengið var formlega frá framtíðarsamningi við Utanríkis-ráðuneytið og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó. Verkefnið er því orðið að Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna með algjörlega hliðstæðum hætti og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn.

Þá má telja það til verulegra tímamóta að í kjölfar yfirgripsmikillar úttekta erlendrar sérfræðinganefndar síðla árs, veitti menntamálaráðherra LbhÍ formlega heimild til þess að bjóða fram doktorsnám á fræðasviðum skólans og útskrifa fólk með doktorsgráðu

Frá liðnu skólaári mætti einnig nefna margvíslega samstarfssamninga sem gerðir voru m.a. við stofnanir og háskóla; akademíska gestakennara; stofnun erfðalindaseturs; vísindaviku unga fólksins þar sem áhugasömum náttúrufræðinemum úr framhaldsskólum er boðið til vikudvalar við vísindaiðkun hjá LbhÍ svo dæmi úr skólastarfinu séu tekin.

Þá var á árinu haldið áfram við lagfæringar og endurbætur á húsnæði LbhÍ á Reykjum, Keldnaholti og Hvanneyri. Á Reykjum voru ýmsar framkvæmdir í kjölfar jarðskjálftaskemmda sem urðu á árinu 2008 og bætur fengust fyrir úr viðlagasjóðum. Þar voru meðal annars lagfæringar á skólhúsi, gróðurhúsum og hitaveitu en einnig rif og hreinsun á ónýtum byggingum s.s. eldri gróðurhúsum. Haldið var áfram við langþráðar viðgerðir og lagfæringar á Keldnaholti og sér nú orðið fyrir endann á þeim gagngeru endurbótum. Á Hvanneyri var ráðist í framkvæmdir í svokallaðri C-álmú í Ásgarði og þar standa nú tilbúnar 5 nýjar kennslustofur auk bókasafns með tilheyrandi vinnuástöðu fyrir nemendur. Þá var lokið við endurbyggingu elsta húss Hvanneyrar – Skemmunnar – en sú framkvæmd þykir hafa heppnast geysilega vel og mun húsið nýttast bæði kirkjunni á staðnum sem safnaðarheimili en einnig LbhÍ og samfélaginu á Hvanneyri fyrir ýmsa viðburði. Einnig má geta þess að Gamli skóli á Hvanneyri þjónar nú orðið nýju hlutverki sem ódýr og góð gístaðstaða fyrir nemendur og aðra gesti Landbúnaðarháskólans. Má segja að þar sé húsið, sem verður brátt aldargamalt, aftur komið í sitt upphaflega hlutverk en þarna var heimavist gamla bændaskólans til húsa á árum áður.

Við erum stolt af þessum framkvæmdum. Þótt stundum finnist okkur hlutirnir ganga óþarflega hægt í þessum efnun þá potast þeir í rétta átt og yfir því ber að gleðjast.

Í lok síðasta árs samþykkti Alþingi að auka varanlegan fjárlagaramma LbhÍ um 70 m króna. Þetta var mikið fagnaðarefni enda hafa stjórnendur skólans ítrekað bent á að LbhÍ hefur um langt árabil setið langt eftir hvað varðar fjárheimildir miðað við háskólastigið í heild, og vöxt skólans, auk þess sem frágangur frá fyrri tíð hefur verið ókláraður. Þessi aukning dugði hins vegar ekki til að leiðrétta undirfjármögnun skólans að fullu þannig að ráðast varð í verulegar aðgerðir til þess að koma rekstri í jafnvægi miðað við fjárheimildir. Þá voru fjárveitingar til allra háskóla skornar niður á síðasta ári um 8,5% vegna efnahagsáfalla landsins og samdráttur í rekstri því óumflýjanlegur. Til þess að bregðast við þessu var meðal annars farið út í að breyta öllum búrekstri á tilrauna- og kennslubúum skólans. Samhliða þessu var starfsfólki fækkað eins og frekast var unnt með því að endurskipuleggja og forgangsraða til hins í ytrasta. Sumar þessara aðgerða voru mjög sársaukafullar en óumflýjanlegar.

Áfram er boðaður niðurskurður á fjárveitingum til menntamála vegna efnahagsástandsins. Verkefnum er því ekki lokið.

Fyrir forgöngu menntamálaráðherra var á árinu unnin s.k. fýsileikakönnun á mögulegum samruna Lbhí við Háskóla Íslands. Einnig var skoðað hvort Tilraunastöðin á Keldum gæti fallið inn í slíkan samruna. Sérstök nefnd skipuð forystufólki úr þessum stofnunum vann að málinu fyrri hluta ársins og skilaði álitni til ráðherra sl. sumar. Niðurstaða nefndarinnar var í stuttu máli sú að slík sameining gæti verið fýsileg að því gefnu að myndað yrði nýtt svið umhverfis- og auðlindavísinda við HÍ en ljóst væri hins vegar að slík sameining væri nokkuð kostnaðarsöm. Frekari aðgerðir hafa því ekki orðið í málinu. Það er þó alveg ljóst að breytingar munu verða á íslenska háskólakerfinu á næstunni. Hvort skólarnir muni renna saman skal ósagt látið en öruggt er að þeir munu vinna mun meira saman og skipta með sér verkum í meira mæli en verið hefur. Ein regnhlíf fyrir íslenska háskólakerfið væri á margan hátt mjög æskileg – hinn íslenski háskóli – ef þannig tækist til að eldmóður hveftrar einingar viðhéldist og eflist áfram.

Kæru tilheyrendur:

Ótal þrautir bíða þeirra sem erfa landið og þær eru ekki eingöngu fólgnar í lausn erfiðra efnahagsmála okkar litla samfélags. Náttúran og umhverfið er brothætt sameign alls lífs á jörðinni og það er varðveisla þess sem skiptir öllu. Heiðar, engjar, fuglalíf, tún og tjarnir, fiskur í sjó og vötnum. Allt er þetta eign okkar og þá ekki síður þeirra sem á eftir koma. Framtíðarvon okkar allra sem hér sitjum veltur á því að skynsemin nái undirtökunum og hluti af þeirri lausn veltur á því að við hefjum aftur til vegs þau gildi sem reynst hafa best í aldanna rás.

Öll höfum við setið við sjávarströnd og horft á öldurnar berast að landi. Þá höfum við séð öldur rísa eins mikið og þær mest mega en falla svo og brotna. Alda skyndigróða og ágirndar reis við Íslandsstrendur og náði að valda ótrúlega miklum skaða á samfélaginu áður en hún brotnaði og hvarf. Nú skiptir máli að sortinn víki fyrir bjarma og að við stöndum þétt saman við lausn þess mikla vanda sem við blasir. Þannig verður hver og einn að spyrja: „Hvað get ég gert?“ Framlag hvers og eins til nýrra tíma skiptir máli. Eigingirni og sjálfelska þurfa að vera víðs fjarri enda þeir þættir sem koma mannkyni verst. Trú á framtíðina; staðfesta og seigla eru mikilvægi kostir.

Lítill saga segir meira en mörg orð. Fyrir margt löngu lenti nokkurra manna áhöfn lítills árabáts í sjávarháaska. Sjór komst í bátinn og sumir þurftu að ausa. Ólag reið yfir og þar með missti formaðurinn kjarkinn. „Þetta er vonlaust,“ sagði hann. „Við skulum hætta þessu - hætta að róa og ausa.“ Þá sagði bátsverji, sem var að ausa, um leið og hann sökkti austurstroginu í: „Ætli ég helli þessu nú ekki út fyrst.“ Sagan segir að þessi litla setning hafi hleypt kjarki í mannskapinn sem að sjálfsögðu bjargaðist í land. Það er þessi seigla sem hélt okkur á lífi þrátt fyrir eldgos, jarðskjálfta, hungur, kulda og vosbúð. Það er þessi seigla sem mun fleyta okkur yfir skerin og koma okkur til strandar.

Bent hefur verið á að leiðin út úr kreppum og krísum sé meðal annars nýsköpun og frumkvöðlastarf sem sprettur fram úr mennta- og vísindastarfi háskólanna. Þessu höfum við hjá Landbúnaðarháskóla Íslands fulla trú á og viljum svo sannarlega leggja okkar af mörkum. Það gerum við best með því að standa áfram vel að því að sinna okkar tveimur meginverkefnum þ.e. að bjóða fram gott nám og stunda öflugar rannsóknir.

Atvinnulífið tekur breytingum – það höfum við upplifað. Áhugi fyrir starfsemi sem byggir á auðlindum okkar í sjó og á landi hefur aukist á ný og menn telja sig greina þar mörg tækifæri. Við hjá Lbhí finnum svo sannarlega fyrir því að okkar námsgreinar og þau vísindi sem við stundum hafa fengið aukið vægi.

Meðal starfsmanna og nemenda Landbúnaðarháskóla Íslands ríkir góður andi, hæfileg blanda af þrautseigju, bjartsýni og frumkvæði til góðra verka.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólaráði og öllum samstarfsaðilum frábært starf á liðnu skólaári.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að færa öllum velunnurum skólans góðar kveðjur og þakkir. Það líður vart sú vika vor og sumar að ekki komi í heimsókn hópar fyrrum nemenda, því fylgja skemmtilegir endurfundir og er mikilvægur hluti skólastarfsins. Á engan held ég sé hallað þótt ég nefni sérstaklega í því sambandi gamlan nemanda og mikinn velgjörðarmann Hvanneyrarskóla Tómas Helgason frá Hnífsdal. Hann hefur um árabíl verið einn mesti og besti bakhjarl bókasafns skólans, gefið bókasafninu urmul bóka og annarra rita um landbúnað og í sumar stuðlað að sérstöku átaki í skönnun og rafrænni vistun fræðigreina og tímarita hjá LbhÍ með styrk úr minningarsjóði um Sólveigu systur Tómasar. Tómas er með okkur hér í dag sem fulltrúi 70 ára búfræðinga - ég vil biðja ykkur að hylla þennan hollvin okkar með kröftugu lófataki!

Góðir tilheyrendur

Að lokum vil ég segja þetta: Eitt það mikilvægasta af öllu mikilvægu nú sem endranær er að við höfum trú á okkur sjálfum. Hér í þessari fallegu kirkju ættum við að hafa í huga hinar alþekktu ljóðlínur Steingríms Thorsteinssonar:

*Trúðu á tvennt í heimi,
tign sem æðsta ber:
guð í alheims geimi,
guð í sjálfum þér.*

Kæru útskriftarnemar

Ykkur öllum nemendum okkar nú um stund fylgja góðar óskir. Við, starfsfólk Landbúnaðarháskóla Íslands, erum fullviss um að þau verðmæti í formi þekkingar sem þið hafið nú eignast munu reynast ykkur vel.

– Sumarið bíður, lífið er indælt og fullt af tækifærum

Til hamingju með áfangann!

Til hamingju með daginn!

Ágúst Sigurðsson